

Fundur 11.11.2024 Quincy Johns tónlistarmaður uppi frá 14/3 1933 - 3/11 2024

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Allt er þetta mér nú framandi, en var ég hvattur til að tala til ykkar ef þess gæfist kostur, að láta fólk vita af því að samband þetta væri mögulegt og að hér sé ég kominn fram í fullu fjöri og muni það styrkja tengsl landanna.

Og mætti hér fólki sem hafði til ykkar talað frá okkar hnetti. Trúi ég þessu tæplega, en er það þó rétt og geng ég á skýjunum af hamingju, og er hamingja mín svo mikil að vera kominn fram á nýjum hnetti og hefði ég aldrei trúað því, og hélt að þetta væri andlegt líf, en svo er ekki.

Og spurði ég hvort ég væri kominn í himnaríki, og var mér sagt að svo væri, upp að vissu marki, en útskýrt var fyrir mér, engu að síður, að flóknara þetta væri, og þyrfti betri útskýringar við.

Finn ég hér mikla orku og er ég miklu hressari og orkumeiri en ég var í mínum jarðneska líkama, og minnir það mig á þegar ég var ungur maður, enda er útlit mitt orðið þannig, og gleður það mig mjög mikið.

*Í nýjum efnislegum líkama ?*

Já það er rétt, og ég er nýkominn á þennan hnött og þarf ég því aftur að fara til hressingar á sjúkrastofnun mína. En var mér treyst til að tala við ykkur, og hitti ég fjölmarga á þessum hnetti sem höfðu verið viðstaddir og heyrð fréttir af gömlu jörðinni og fáeinir sem til ykkar hafa talað.

Var ég staddur úti á víðavangi þegar ég vissi af mér, þegar ég hingað kom, og fannst mér það svo ótrúlegt, að ég trúði varla eigin skilningarvitum. En var ég leiddur brott og í tjörn nokkra, þar sem heitt vatn streymdi og líknaði það mér og hjálpaði til við að fullkomna mig og finna fyrir líkama mínum betur.

Og hefur þetta verið mikið undra ferðalag og sá ég hvernig ég þaut í gegnum stjörnugeiminn og fór í gegnum nokkurs konar göng, og frá mér hvarf allur ótti og traustið kom í staðinn um að þetta færi vel. En líkami minn var nú orðinn mjög sjúkur undir það síðasta, og var það því mikil viðbrigði að koma hingað. Og óttaðist ég það mjög að ekkert líf yrði eftir dauðann, eða þá að Kölski næði mér kannski, en það fór á betri veg.

Og vil ég beina þeim tilmælum til ykkar og annarra, að óttann þarf að minnka og trúartraustið þarf að aukast. En það er hverjum og einum eðlislægt að óttast dauðann, þegar að slíku dregur.

Ég mun þurfa að fara á sjúkrastofnun mína aftur, en hitti hér mann í fullu fjöri, sem sagðist hafa talað til ykkar og sagði hann mér að mikilvægt væri að efla tengslin landanna á milli. Sérstaklega á þessum tímum, þegar umrót verður í þjóðfélagi okkar á frumlífs hnetti mínum sem þið tilheyrið, á landi mínu, þar sem til valda er kominn forseti sem getur sett í uppnám mannréttindi og frið, en vonum að það fari allt vel.

Og var ég sérstaklega hvattur til að tala til ykkar, til að lýsa því hversu langt við erum komin í friðar og mannúðar áttina. Og get ég víst ekki lýst þessu að sinni, en ég er hamingjusamur og var mér sagt að þið væruð framfara afl sem myndi hafa áhrif í framtíðinni og að fleiri ættu eftir að læra af ykkur og höfum við svona stjörnusambandsstöðvar. En þið munið vera fyrsta þjóðin sem hafi skilning á þessu. Já ég er að læra þetta, en ég verð nú að kveðja að sinni, gleðin er svo mikil að vera í hraustum líkama, það er dásamlegt að segja frá því, bandarískur maður nýlátinn, Quincy Johns, verð ég nú að kveðja ykkur, þakka ég fyrir mig, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og við óskum þér alls hins besta.*

Pakka fyrir.

*Blessaður.*